

Tillaga til breytinga á fjárhagsáætlun á þingskjali 6

Rekstrartekjur Laugardalsvallar hækki í kr. 135.421.482 en liðurinn aðrar rekstrartekjur lækki í kr. 180.429.392. Þessi breyting upp á 54.902.208 á hvorum lið hafi ekki áhrif á heildartekjur sem verða áfram kr. 1.987.891.408. Undir öðrum rekstrartekjum lækki mótatekjur um þessa upphæð og verði kr. 121.615.392. Þessi lækkunverði til þess að þátttökugjöld og gjöld innheimt af aðildarfélög lækki um 54.902.208 á árinu 2026 og þannig megi hverfa að stórum hluta frá allt að 300% fyrirhugaðri hækkun á slíkum gjöldum aðildarfélaga.

Greinargerð

Það er ekki hluti af kjarnastarfsemi KSÍ að reka Laugardalsvöll og það getur ekki talist ásættanlegt að þær byrðar sé lagðar á aðildarfélögin. Það er einmitt tækifæri fyrir KSÍ að bæta úr stöðunni gagnvart Reykjavíkurborg þar sem samningurinn um rekstur Laugardalsvallar er til endurnýjunar á þessu ári. Það er augljóst samningsmarkmið KSÍ að Reykjavíkurborg leggi vellið til aukið fjármagn þannig að ekki verði halli á rekstri vallarins. Ef það tekst ekki hlýtur knattspyrnuhreyfing að íhuga hvort eigandi Laugardalsvallar taki á ný við rekstri hans.

Hækkun á gjöldum á aðildarfélög á einu ári um allt að 300% er ósanngjörn, sér í lagi þegar grunnframlög til knattspyrnunnar á Íslandi frá UEFA og FIFA hafa aldrei verið hærri og ljóst er að þau mun hækka á komandi árum. Aðildarfélögin hljóta að njóta þess.